

**Nd.**

**490. Frumvarp til laga**

[130. mál]

um málefni fatlaðra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. mars.)

Samhljóða þskj. 134 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Málefni fatlaðra heyra undir þrjú ráðuneyti, heilbrigðisþjónusta, þ. m. t. læknisfræðileg endurhæfing, undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, fræðslu- og uppeldismál undir menntamálaráðuneyti, félagsleg hæfing og endurhæfing, atvinnumál og önnur mál undir félagsmálaráðuneytið.

Félagsmálaráðuneytið skal annast málefni fatlaðra samkv. lögum þessum.

Sérstök nefnd fer með yfirstjórn málefna fatlaðra og kallast hún stjórnarnefnd. Stjórnarnefndin gætir þess að ráðstafanir varðandi alla þjónustu opinberra aðila verði samræmdar. Stjórnarnefndin skal skipuð 7 mönnum til 4 ára í senn.

Ráðuneytin skipa sinn manninn hvert. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa, en samtök fatlaðra, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, tilnefna 3 menn skv. nánari reglu sem ákveðin verður með reglugerð. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins er formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin úrskurðar ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laga þessara, en vísa má þeim úrskurði til viðkomandi ráðherra.

Þegar fjallað er um vinnumál fatlaðra skal stjórnarnefndin kalla til fulltrúa frá aðilum vinnumarkaðarins eftir því sem ástæða er til.

6. gr. hljóðar svo:

Á hverju svæði skal stefnt að því að eftirfarandi þjónusta verði veitt:

1. Frumgreining. Eftirlit með nýfæddum börnum og frumathugun þegar grunur vaknar um fötlun af einhverju tagi.
2. Þroskaþjálfun og leikfangþjónusta.
3. Sérkennsla og námsráðgjöf.
4. Hjálpartækja- og flutningsþjónusta.
5. Sjúkraþjálfun.
6. Sálfræðiþjónusta.
7. Hæfing og endurhæfing.
8. Verkaþjálfun og starfsprófun.
9. Iðjuþjálfun.
10. Atvinnuleit.
11. Félagsráðgjöf.

Stefnt skal að því að útvega aðstöðu til tímabundinnar og varanlegrar vistunar á fósturheimilum.

Veita skal fötluðum þjónustu á almennum stofnunum eftir því sem unnt er.

Uppbygging og starfsemi þeirra skal þannig úr garði gerð að þjónusta þeirra nýtist fötluðum til jafns við aðra þjóðfélagsþegna.

Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að fenginni umsögn stjórnarnefndar að fella niður eða bæta við þjónustupáttum. Þá getur ráðherra í reglugerð sett nánari ákvæði um þjónustu þessa svæðisbundið eða fyrir landið allt að fengnum tillögum svæðisstjórna og stjórnarnefndar.

8. gr. hljóðar svo:

Umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum skv. 7. gr., 5., 7., 9. og 13. tl. skulu sendar viðkomandi svæðisstjórn. Svæðisstjórn mælir með vistun að höfðu samráði við forstöðumann stofnunarinnar og viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðila. Sé um að ræða stofnanir, sem reknar eru af öðrum en opinberum aðilum, þarf til að koma samþykki forstöðumanna og/eða stjórnna þeirra.

Sé umsókn um vistun synjað, er hægt að vísa málinu til stjórnarnefndar, sem leitar lausnar.

Að fengnum tillögum stjórnarnefndar getur ráðherra ákveðið að fleiri stofnanir skv. 7. gr. falli undir ákvæði 1. mgr.

10. gr. hljóðar svo:

Fatlað barn á aldrinum 0—18 ára, sem dvelur í heimahúsi eða sem nýtur takmarkaðrar þjónustu og þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar, á rétt á aðstoð eftir því sem við verður komið.

Viðkomandi svæðisstjórn skal sjá um að þessi aðstoð verði veitt.

Kjósi framfærendur að annast þetta sjálfir og telji svæðisstjórn og viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðili þá til þess hæfa og aðstöðina nauðsynlega, skal greiða fyrir 20—175 klst. á mánuði eftir mati svæðisstjórnar og samkvæmt 8. texta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Heimilt er að hækka þessar greiðslur beri brýna nauðsyn til að mati svæðisstjórnar.

Greiðsla á aðstoð skv. þessari grein annast lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins.

14. gr. hljóðar svo:

Komi í ljós einkenni eftir fæðingu, er benda til þess, að barn geti verið fatlað, ber viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni í samráði við foreldra að hlutast til um að fram fari frumgreining. Leiði lækisfræðileg greining í ljós að þörf sé frekari greiningar eða meðferðarúræða skal tilkynna það Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem leitar heppilegra úrræða í samráði við foreldra, svæðisstjórn og aðra þá aðila er þurfa þykir.

16. gr. hljóðar svo:

Auk þeirrar greiningarstarfsemi, sem fer fram á svæðunum samkv. 6. gr., skal ríkið starfrækja eina aðalgreiningar- og ráðgjafarstöð, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, og heyrir hún undir félagsmálaráðuneytið. Hlutverk og starfssvið hennar er í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Athugun, rannsókn og greining á fötluðum sem vísað er þangað eða leita þangað að eigin frumkvæði.
2. Gerð, prófun og mat viðeigandi meðferðar- og þjálfunaráætla. Ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir foreldra/forráðamenn eða aðra meðferðaraðila.

3. Langtímameðferð fyrir þá einstaklinga, sem þarfnast hennar, enda sé hún ekki fáanleg á öðrum stofnunum eða annars staðar.
4. Tilvísanir til annarra meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi skjólstaðingur njóti þar þeirrar þjónustu og þjálfunar sem þörf er hverju sinni. Greiningar- og ráðgjafarstöðinni ber skylda til að láta meðferðaraðilum í té leiðbeiningar og ráðgjöf þegar þess er óskað.
5. Starfræksla leikfangasafns. Útlán leikfanga til foreldra og forráðamanna ásamt ráðgjöf og leiðbeiningum. Enn fremur fagleg aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu og starfsemi annarra leikfangasafna á landinu.
6. Þjálfun starfsstétta, sem annast þjónustu við fatlaða samkvæmt 6. og 7. gr., í samvinnu við svæðisstjórnir og þá skóla sem annast menntun starfsmanna á viðkomandi sviðum.
7. Skráning og varðveisla upplýsinga um fatlaða í samvinnu við félags-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.
8. Veita svæðisstjórnnum faglega aðstoð og vera umsagnaraðili varðandi þjónustu og vistun á stofnunum þegar þess er óskað.
9. Beita sér fyrir fræðilegum rannsóknum á sviði fötlunar og veita faglega ráðgjöf varðandi kannanir á högum fatlaðra í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og svæðisstjórnir.
10. Vera félagsmálaráðuneytinu til aðstoðar við útgáfu upplýsingabæklinga á þessu sviði, sbr. 25. gr.
11. Hjálpartækjaþjónusta.

Forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins skal hafa sérþekkingu á málefnum fatlaðra og skal hann vera ábyrgur fyrir faglegri starfsemi stofnunarinnar og samskiptum við aðrar stofnanir.

Framkvæmdastjóri skal sjá um fjárhagslegan rekstur stofnunarinnar og umsjón með daglegum rekstri. Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann og framkvæmdastjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra er jafnframt stjórnarnefnd Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins að fengnum tillögum stjórnarnefndar.

22. gr. hljóðar svo:

Svæðisstjórnir skulu stuðla að atvinnuleit fyrir fatlaða, hver á sínu svæði, sem hefur það hlutverk að afla fötludum atvinnu við sitt hæfi.

Atvinnuleitin skal starfa í nánnum tengslum við félagsmálaráðuneytið, vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags, aðila vinnumarkaðarins og aðra hlutaðeigandi aðila.

Svæðisstjórnir skulu hafa eftirlit með, að aðgengi fatlaðra verði sem best tryggt við byggingu nýrra vinnustaða, og gera tillögur um hvernig breyta megi eldri vinnustöðum í sama tilgangi. Jafnframt skulu svæðisstjórnir í samvinnu við stjórnendur fyrirtækja og trúnaðarmenn hlutaðeigandi stéttarféлага beita sér fyrir fjölgun starfa fyrir fatlaða á vinnustöðum.

Leggja skal áherslu á að skipuleggja hlutastörf eftir því sem við verður komið vegna þeirra, sem ekki þola vinnuálag sem fullt starf hefur í för með sér.

Þar sem vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags starfrækir sérstaka deild fyrir öryrkja samkv. lögum nr. 52/1956 skal svæðisstjórn fela þeirri skrifstofu starfrækslu atvinnuleitar samkvæmt 1. mgr.

24. gr. hljóðar svo:

Þeir sem notið hafa endurhæfingar eiga öðrum fremur rétt á atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi, ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið

sækja. Sé að mati svæðisstjórnar gengið á rétt fatlaðs manns við veitingu starfs getur hún krafið veitingarvaldshafa um skriflega greinargerð fyrir ákvörðun sinni í sambandi við stöðuveitinguna.

27. gr. hljóðar svo:

Ef félög koma á fót stofnunum samkvæmt 7. gr., 3.—10. tl. og 12.—14. tl., er heimilt að veita fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Stjórnarnefnd er heimilt að veita styrk úr Framkvæmdasjóði til að stækka verndaða vinnustaði og bæta tækjabúnað, sem miðar að aukinni og hagkvæmari starfsemi þeirra. Jafnframt er heimilt að veita fé úr Framkvæmdasjóði til að breyta almennum vinnustöðum og bæta tækjabúnað, sem tryggt geti fötluðum vinnu á almennum vinnumarkaði, enda mæli svæðisstjórn og atvinnuleitin með breytingunum.

28. gr. hljóðar svo:

Kostnaður vegna reksturs samkvæmt 1. tl. 7. gr. greiðist í samræmi við lög nr. 112/1976. Jafnframt greiðir ríkissjóður þann kostnað, sem er umfram almennar greiðslur í viðkomandi stofnun, enda skerðist réttur barnsins til annarra bótagreiðslna ekki.

Af kostnaði vegna reksturs stofnana, sem ekki greiðist af eigin fé, skv. 7. gr. 3., 4., 11. og 14. tl., greiðir ríkissjóður 85%, en sveitarsjóðir 15%.

Um kostnað vegna rekstrar skv. 2. og 12. tl. 7. gr. fer eftir lögum nr. 57/1978 um rekstur heilsugæslustöðva, enda séu slíkar stofnanir byggðar og reknar skv. þeim lögum.

Ríkissjóður greiðir alfarið reksturskostnað annarra stofnana samkv. 7. gr., nema þar sem um sértekjur er að ræða.

Þegar um er að ræða sérstaka flutningsþjónustu fyrir fatlaða, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki til og frá stofnunum, skal greiða hann af rekstursfé viðkomandi stofnana.

35. gr. hljóðar svo:

Tekjur sjóðsins eru:

1. Ríkissjóður skal árlega næstu 5 ár leggja sjóðnum til a. m. k. jafnvirði 55 milljóna króna miðað við 1. janúar 1983. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum skal endurskoða framlag ríkisins.
2. Tekjur Erfðafjárjóðs.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

39. gr. hljóðar svo:

Svæðisstjórnir skulu fylgjast með framkvæmd laganna hver á sínu svæði og gera tillögur til viðkomandi ráðuneytis um úrbætur, ef í ljós kemur að misbrestur er á því að sú þjónusta sé veitt er lög þessi kveða á um.

Upplýsingar þar um skulu sendar stjórnarnefnd ásamt rökstuddum áætlunum um úrbætur. Stjórnarnefnd skal fylgjast með að unnið sé að úrlausn þeirra ábendinga er fram koma.

41. gr. hljóðar svo:

Svæðisstjórnir og stofnanir skv. 7. gr. skulu senda viðkomandi ráðuneyti reikning yfir reksturinn ásamt skýrslu fyrir hvert almanaksár eigi síðar en fyrir lok mars ár hvert.

Sundurliðað kostnaðaryfirlit yfir framkvæmdir, sem úthlutað hefur verið til, skal í árslok senda stjórnarnefnd.

43. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um hlutverk stjórnarnefndar skv. 3. gr., um störf svæðisstjórna, sbr. 5. gr., um ákvæði 10. gr., um framkvæmdasjóð fatlaðra, sbr. 34., 35. og 36. gr.

Reglugerðir, er snerta framkvæmd 10.—16. gr. og 19. gr. laga þessara, skal senda félagsmálanefndum Alþingis til umsagnar.

44. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta ásamt síðari breytingum, lög nr. 27/1970 um endurhæfingu og 2. og 3. gr. laga nr. 12/1952 um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Ákvæði til bráðabirgða II öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

#### I.

Þær stofnanir fatlaðra, er starfa við gildistöku laganna, skulu á næsta ári eftir gildistöku laganna senda umsókn um starfsleyfi í samræmi við 11. gr. laganna og skal með umsókn fylgja nákvæm lýsing á fyrirhugaðri starfsemi. Starfsleyfi skal síðan veitt innan árs frá því að umsókn er lögð fram.

#### II.

1. Félagsmálaráðherra skal þegar í stað skipa 5 manna nefnd, sem hafi það verkefni að gera tillögur um fyrirkomulag á framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins í samræmi við ákvæði 16. gr. Menntamálaráðherra skipar einn fulltrúa frá Athugunar- og greiningardeildinni Kjarvalshúsi, heilbrigðisráðherra einn fulltrúa frá nýburadeild Landspítalans, félagsmálaráðherra einn fulltrúa að fenginni tillögu svæðisstjórna, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands einn fulltrúa hvort.

Tillögur nefndarinnar skal leggja fyrir Alþingi til staðfestingar.

2. Menntamálaráðuneytið skal þegar í stað gera ráðstafanir til að leigja eða kaupa hentugt bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemi Athugunar- og greiningardeildarinnar í Kjarvalshúsi.

Kostnað vegna bráðabirgðahúsnæðis skal fjármagna úr Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra. Verði um kaup að ræða á húsnæði sem ekki hentar framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins, sbr. 16. gr., skal endursöluverð þess húsnæðis renna til Framkvæmdasjóðs öryrkja, sem fjármagnar stofnkostnað, sbr. 1. lið ákvæðis til bráðabirgða II.